Alþýðusamband Íslands

Afnám vörugjalda skilar sér illa

Tollar af fötum og skóm verða afnumdir um áramót eins og verðlagseftirlitið hefur áður fjallað um. Með því er stigið annað skref í breytingum á neyslusköttum en í upphafi þessa árs voru vörugjöld sem lögð voru m.a. á sykur og sætindi, ýmis heimils- og raftæki auk varahluta og byggingarefnis, afnumin. Umræddir neysluskattar hafa skilað ríkissjóði umtalsverðum tekjum sem nú ættu að skila sér í lægra verði til neytenda en slíkt er ekki sjálfgefið. Það er því við hæfi að fara í stuttu máli yfir reynslu liðins árs og velta því fyrir sér hvort neytendur hafi fengið þá skattalækkun sem breytingin um síðustu áramót gaf tilefni til. Til viðbótar má hafa hugfast að gengisþróun undanfarið ár hefur verið versluninni hagfeld og ætti að gefa enn frekara tilefni til verðlækkana á flestum þeim vörum sem hér er fjallað um.

Maturinn - hækkun virðisaukaskatts skilar sér en afnám sykurskattsins síður

Vörugjöld af sykri og sætum matvörum voru afnumin í upphafi árs en samhliða því var virðisaukaskattur á matvörur hækkaður úr 7% í 11%. Bæði tölur Hagstofunnar um vísitölu neysluverðs og kannanir verðlagseftirlits ASÍ gefa til kynna að hækkun virðisaukaskattsins hafi skilað sér út í verðlag strax í janúar en áhrif af afnámi sykurskattsins hafi hins vegar víða látið á sér standa. Í stuttu máli lækkaði hefðbundinn sykur í takt við það sem breytingin gaf tilefni til en lækkunin skilaði sér hins vegar illa í verði flestrar annarrar sætrar matvöru og sætindum. Í þessu samhengi vekur sérstaka athygli að sætabrauð og kökur sem innihalda að jafnaði umtalsvert magn sykurs hafa samkvæmt vísitölu neysluverðs hækkað um 6,6% í verði frá því um áramót, sælgæti hefur sömuleiðis hækkað um 3,6% og súkkulaði um 1,4% en breytingarnar gáfu tilefni til allnokkurrar lækkunar á þessum vöruflokkum. Nánari umfjöllun verðlagseftirlitsins um hvernig afnám sykurskatts skilaði sér til neytenda má finna hér.

Raftæki og stærri heimilistæki lækka umtalsvert

Með breytingunum sem gengu í gildi um síðastliðin áramót voru afnumin 25% vörugjöld af raftækjum á borð við sjónvörp, útvörp, myndspilara og hljómflutningstæki og 20% vörugjöld af stórum heimilistækjum fyrir eldhús og þvottahús. Jafnframt lækkaði almennur virðisaukaskattur sem lagður er á þessar vörur úr 25,5% í 24%. Samanlagt gáfu þessar breytingar tilefni til 18-21% lækkunar á verði þeirra raftækja sem breytingin tekur til.

Fljótlega í kjölfar tilkynningar haustið 2014 um að áformað væri að afnema vörugjöld, fór að bera á að raftækjasalar auglýstu vörur án vörugjalda og má sjá merki þess í verðmælingum Hagstofunnar að verð hafi tekið lækkunum mánuðina áður en breytingin tók gildi. Verð á

sjónvörpum, útvörpum og myndspilurum hefur t.a.m. lækkað um 17% frá því í september 2014 samkvæmt vísitölu neysluverðs og verð á hljómflutningstækjum um tæp 14% en megnið af þeirri lækkun kom fram fyrir áramót. Svipaða sögu er að segja af verði á stórum heimilistækjum sem hafa lækkað í verði um tæp 17% frá því í september í fyrra. Út frá þessu má því áætla að breytingin hafi haft allnokkur áhrif til lækkunar á verði stærri raf- og heimilistækja.

Lækkun byggingavara skilar sér ekki til neytenda.

Hluti bílavarahluta bar 15% vörugjald sem var afnumið sl. áramót auk lækkunar á almennum virðisaukaskatti. Samkvæmt vísitölu neysluverðs hefur verðlag bílavarahluta lækkað um 5,4% frá því í desember 2014.

Þegar byggingavörur eru skoðaðar dökknar myndin. Engin áhrif sjást af afnámi 15% vörugjalda af ýmsum byggingavörum og er verð á efni til viðhalds skv. vísitölu neysluverðs nánast óbreytt frá síðustu ármótum en lækkun á almennum virðisaukaskatti úr 25,5% í 24% hefði ein og sér átt að skila sér í 1,2% verðlækkun. Samkvæmt þessu hefur afnám vörugjalda af byggingarvörum ekki skilað sér út í verðlag enn sem komið er og neytendur eiga því inni stærstan hluta skattalækkunarinnar á byggingavörum hjá versluninni.

Henný Hinz, Hagfræðingur ASÍ